

*Alþingi
Erindi nr. P 131/931
komudagur 2.3.2005*

Til allsherjarnefndar Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2005

**Efni: Frumvörp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, 47. og 48. mál
á 131. löggjafaþingi**

Samtökum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi hafa borist til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis frumvörp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, 47. og 48. mál.

Samtök kvenna af erlendum uppruna vilja hér með hvetja til þess að frumvörp þessi verði rædd og afgreidd á þessu þingi. Að okkar mati taka þessi frumvörp til mikilvægra lagaákvæða sem valdið hafa útlendingum á Íslandi vandkvæðum. Teljum við æskilegt að þessi ákvæði verði skoðuð. Þar með verði horft á málið frá fleiri hliðum og þess freistað að sníða af vankanta sem valdið hafa sérstökum erfiðleikum hjá þolendum laganna. Viljum við benda á nokkur þessara atriða hér á eftir.

Konur sem kvæntar eru íslenskum ríkisborgurum eða útlendingum með dvalarleyfi hér á landi búa oft við óviðunandi aðstöðu þegar upp koma vandamál í hjónaböndum þeirra. Þær eiga á hættu að verða sendar úr landi ef þær slíta samvistum við eiginmennina. Þær gætu, miðað við gildandi reglur, jafnvel þurft að fara frá börnum sínum undir þessum kringumstæðum. Varla er forsvaranlegt

að slíkum einstaklingum sé synjað um áframhaldandi dvalarleyfi í landinu, enda á Mannréttindasáttmáli Evrópu að tryggja einstaklingum rétt til að njóta samvista við börn sín. Vafasamt er að þessar konur búi sem stendur við lágmarksréttindi. Taka þarf tillit til þess að kona sem skilur við eiginmann sinn vegna ofbeldis er oft og tíðum án atvinnu á þeim tímamótum og getur þurft að leita um stundarsakir til félagsþjónustu eftir framfærslu, sem aftur getur komið í veg fyrir að hún fái áframhaldandi dvalarleyfi samkvæmt gildandi lögum.

Ungt folk, undir 18 ára aldri, þarf í sumum tilfellum að hætta skólagöngu og fara á vinnumarkaðinn til þess að geta uppfyllt framfærslukröfur gildandi útlendingalaga. Að öðrum kosti á það á hættu að verða sent úr landi, jafnvel burt frá fjölskyldu sinni. Það getur átt á hættu að þurfa að snúa aftur til fyrra heimalands, þar sem það á ekki lengur heimili. Við að missa af áframhaldandi skólagöngu verða þessi ungmenni af framtíðarmöguleikum sem ella kynnu að standa þeim til boða. Hættan eykst á að til verði undirmálskynslóð innflytjenda í stað fullgildra þátttakenda í íslensku samfélagi.

Dæmin sýna að sú regla að vinnuveitendur séu handhafar atvinnuréttinda erlendra starfsmanna í landinu getur haft vafasamar afleiðingar. Hún færir atvinnurekendum öll völd yfir starfsmönnum og gefur óvönduðum aðilum í þeirra hópi færi á að ganga á rétt starfsmannanna. Starfsmennirnir, sem oftast hafa litla kunnáttu í íslensku, hafa mjög takmarkaða möguleika á að verja sig, t.d. í launa- og kjaramálum. Maldi þeir í móinn eiga þeir á hættu að missa atvinnuréttindi og dvalarleyfi.


Ef, eins og kemur fram í dæmunum að ofan, konur eru tilneyddar að búa við heimilisofbeldi, ungt folk er nauðbeygt til að hætta skólagöngu vegna dvalarréttinda og starfsmenn þurfa að búa við skert réttindi, má halda því fram að núgildandi lög um útlendinga og atvinnuréttindi tryggi ekki innflytjendum í landinu félagslegt réttlæti, heldur þvert á móti.

Við viljum tryggja jafnrétti fyrir lögum, eins og kveðið er á um í 65. gr. stjórnarskráinnar og stuðla að því að allir njóti verndar gegn mismunun og félagslegu óöryggi, í anda alþjóðasamnings nr. 10/1979 um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Með það að leiðarljósi virðist ljóst að endurskoða þurfi lög sem snerta útlendinga í landinu.

Frumvörpin sem um ræðir taka á stórum vandamálum sem oft herja á fjölskyldur innflytjenda hér á landi og leggja til ákveðnar tillögur til lausnar. Því mælum við eindregið með að frumvörpin verði tekin til meðferðar og afgreiðslu á alþingi nú í vor.

Virðingarfyllst,

F.h. Stjórnar Samtaka kvenna af
erlendum uppruna á Íslandi


Tatjana Latinovic